

Ed.

## 52. Nefndarátt

við frumvarp til laga um stofnun yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

Vjer, sem háttvirt efri deild Alþingis kaus í nefnd til að ihuga frumvarp þetta, komum hjer fram með álit vort um málið:

Frumvarpið gerir engar verulegar breytingar á námi yfirsetukvenna frá því sem nú er. Að eins er til þess ætlast, að þær fái meiri verklega æfingu en verið hefir. Og til þess að það geti orðið, á að ráða yfirsetukonurnar 3 í Reykjavík til þess að skifta námskonunum milli sín, og hafa þær með sjer við fæðingar. Landlæknir heldur áfram að hafa aðalkensluna á hendi, eins og verið hefir um allmörg ár, og eru honum ætlaðar 1000 kr. á ári fyrir það. Er það að visu um 300 kr. hærra en nemur þóknun þeirri, sem hann hefir haft að meðaltali 5 síðustu árin, en það er 50 kr. fyrir kenslu hvernar námskonu. Þessa hækkun rjettlætir landlæknir með ýmsu, og má vísa til ummæla hans um þetta efni í *Tillögum* hans á bls. 14—15.

Nefndin finnur ekki ástæðu til að gera breytingartillögu til lækkunar á þessum launum landlæknis.

Þar á móti leggur nefndin til, að þóknun sú, er frumvarpið ætlar hinum 3 yfirsetukonum í Reykjavík fyrir verklega tilsögn, verði færð niður í 100 kr. úr 200 kr. Telur nefndin 100 kr. vera sæmilega þóknun handa hverri yfirsetukonunni, þegar á það er litið, að yfirsetukonur þær, er hjer um ræðir, munu hafa hver í laun á ári 1000—1400 krónur, ef frumvarpið til yfirsetukvennalaga nær fram að ganga, auk þessarar þóknunar.

Undanfarið hafa námskonurnar fengið greiddan ferðakostnað til Reykjavíkur og heim aftur og 30 krónur á mánuði í Reykjavík. Á þessu gerir frumvarpið þá breytingu, að ferðakostnaður skuli enginn greiðast, og felst nefndin eftir atvikum á það. Nú er orðið svo miklu greiðara um ferðir en áður var. Hins vegar er víst, að 30 kr. styrkur um mánuð er of litill, meðan námskonur dvelja í Reykjavík, og að ekki verður komist af með minna en alt að 40 kr. Þó vill nefndin ekki fastákveða námsstyrkinn, heldur leggja það í hendur stjórnarráðsins að tiltaka hann í hverju einstöku tilfelli eftir tillögum landlæknis, þó svo að hann fari aldrei yfir 40 kr.

Nefndin ræður þá háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið og þessar

### BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 3. gr. Fyrir »200« komi: 100.

4. grein verði þannig:

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 40 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.

Efri deild alþingis, 23. júlí 1912.

Sigurður Stefánsson,  
formaður.

Björn Þorláksson,  
skrifari og framsögumaður.

Steingrímur Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson.

Þórarinn Jónsson.